

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

a) Deiliskipulag í landi Hróarsholts.

Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og bílgeymslu á byggingarreit A og byggingu skemmu á byggingarreit B á samtals 14,88 ha lands.

Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305.

b) Deiliskipulag í landi Hallanda I.

Gert er ráð fyrir byggingu bílskúrs/skemmu og baðhúss á byggingarreit A og byggingu íbúðarhúss ásamt bílgeymslu á byggingarreit B.

Aðkoma verður frá Langholtsvegi nr. 304.

c) Deiliskipulag í landi Mjósýndis, Þjórarárbakki.

Gert er ráð fyrir byggingu sumarhúss/íbúðarhúss og hesthúss/reiðskemmu á um 74,2 ha lands.

Aðkoma verður frá Villingaholtsvegi nr. 305.

d) Deiliskipulag í landi Hraungerðis, Prestalaut.

Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss á um 2.351 m² lands.

Aðkoma verður frá Oddgeirshólavegi.

e) Deiliskipulag í landi Súluholts, Rimar.

Gert er ráð fyrir 29 íbúðarlóðum, hver að stærð 1-1,5 ha og nýbýli um 10 ha að stærð.

Aðkoma verður frá Önundarholtsvegi nr. 311.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Flóahreppi, 29. júní 2007.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2007